## Samfélag og saga: lífið um aldamótin 1900

Slökkviliðsæfing í Reykjavík: https://www.islandpaafilm.dk/is/node/56092

Elsta varðveitta myndskeiðið sem til er af Íslandi var tekið árið 1906 af Dananum Alfred Lind og sýnir æfingu slökkviliðsmanna í Reykjavík. Athygli vekur hversu margir koma saman til að horfa á æfinguna en einnig samsetning hópsins

Hversu margar konur/karlar/börn eða jafnvel fólk af öðrum uppruna sjást á myndskeiðinu? Hvað segir það um íslenskt samfélag þegar myndin var tekin? Hvers vegna haldið þið að samsetning hópsins sé eins og hún er?

Hvernig bregst fólkið við myndatökumanninum?

Opnið Google maps og opnið götusjána. Finnið sama sjónarhorn niður Bankastrætið og berið saman. Hvað hefur breyst í umhverfinu? Hvaða hús sjáið þið? Hvernig hefur borgarmyndin þróast og breyst?